

## Setning

*Þórir Ingason*  
*Vegagerðin*

Rannsóknaráðstefnan 2011 er haldin þann 4. nóvember. Þetta er tíunda rástefnan frá upphafi, sú fyrsta var haldin í Salnum í Kópavogi árið 2002 og upp frá því á Nordica Hótelu við Suðurlandsbraut, en í þetta sinn er ráðstefnan haldin í salnum Kaldalóni í Hörpu. Skráðir þátttakendur voru um 150.

Á þessum vetvangi hefur á undanförunum árum oft verið getið um það sem e.t.v. má nefna „heilsufar“ rannsóknasjóðsins. Árið 2005 ræddi Hreinn Haraldsson m.a. mikilvægi þess að hækka framlag til rannsóknastarfs úr 1% af mörkuðum tekjum til vegagerðar í 1,5%, ekki síst miðað við að fyrirsjáanlegt væri að markaðar tekjur myndu dragast saman á komandi árum. Við setningu ráðstefnunnar árið 2007 var þess getið að kvöð um þetta hefði verið sett í ný vegalög, sem tóku gildi í upphafi árs 2008. Það gætir töluverðrar bjartsýni þegar frá þessu er greint, enda getið um það að yfirleitt hafi verið sótt um a.m.k. tvöfalda þá upphæð sem til ráðstöfunar er í hvert sinn og hafna hefði þurft góðum verkefnum.

En svo varð bankahrún haustið 2008 og niðurskurðarhnífurinn fór á loft. Í raun hafa vegalög sem kveða á um að 1,5% af mörkuðum tekjum til vegagerðar skuli renna til rannsókna því aldrei verið uppfyllt. Rauntölur hafa reyndar farið lækkandi síðan árið 2009 og fjárveitingar til rannsóknaverkefna þar af leiðandi. Fram til ársins 2010 hafa upphæðir umsókna verið vaxandi og náðu hámarki það ár, þegar sótt var um tæplega 520 milljónir. Hins vegar dró helur saman í umsóknum á þessu ári (2011), þegar heildar upphæð umsókna var um 370 milljónir. Hugsanlega má skýra þetta með kreppunni, þannig að fyrst eftir kreppu leitaði fólk að verkefnum hérlandis, en síðan meira út fyrir landsteinana og hefur fundið sér verkefni þar. Ásókn í rannsóknasjóðinn þannig minnkað. Þetta leiðir hugann einnig til þess sem nefnt var við setningu ráðstefnunnar árið 2010, en það var ótti við að missa fólk og þekkingu annað og svo þegar við þurfum á því að halda síðar er það ekki lengur til staðar.

Fjárlög ársins 2012 gera ráð fyrir ríflega 120 milljón krónum í rannsóknasjóð Vg sem er svipað og 2011. Að venju verður auglýst eftir umsóknum í upphafi næsta árs.

En, að ráðstefnunni sjálfri. Oftast hefur það verið svo að það hafa verið mun fleiri óskir um að fá að kynna verkefni á ráðstefnunni en pláss hefur verið fyrir. Reyndin var ekki sú í þetta skipti. Engu að síður er dagskráin mjög fjölbreytt. Auk erinda sem flutt verða hanga veggspjöld með upplýsingum um þrjú verkefni uppi, framan við fyrilestrarsalinn.

Við setningu rannsóknaráðstefnunnar 2011, eru gestir líka minntir á ráðstefnuna Via Nordica 2012, sem haldin verður í Hörpu vorið 2012. Íslendingar hafa leitt starf Norræna vegasambandsins (NVF) síðan 2008 og ráðstefnan fjallar að hluta um starfsemina á



## Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 2011

tímabilinu og markar enda þess. Það verða Norðmenn sem taka við keflinu næstu fjögur árin. Upplýsingar um ráðstefnuna má finna á vefsíðunni [www.vianordica.is](http://www.vianordica.is). Þar kemur fram hversu viðamikil dagskráin er en auk þess er gert ráð fyrir sýningu, þar sem fyrirtæki og stofnanir geta kynnt sýnar vörur og þjónustu. Íslendingar eru að sjálfsögðu hvattir til að mæta á ráðstefnuna.

G.Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, er ráðstefnustjóri rannsóknaráðstefnunnar 2011.